

Mánudaginn 11. janúar 1937.

Nr. 146/1936. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Inga H. Þorvaldssyni Kroyer

(Lárus Jóhannesson).

Ölvun við bifreiðarakstur.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. ágúst 1936:
Kærður, Ingi Haraldur Þorvaldsson Kroyer, greiði 200 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 12 daga.

Hann skal og æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með tilvisun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sekt sú, er kærði skal greiða, er ákveðin 100 krónur, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að kærði, Ingi H. Þorvaldsson Kroyer, greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu

dóms þessa. Svo greiði kærði allan áfrýjunar-kostnað sakarinnar, þar á meðal málflutnings-laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Lárusar Jóhannessonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Inga Haraldi Þorvaldssyni Kroyer, bifreiðarstjóra, til heimilis Aðalstræti 18 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um notkun bifreiða nr. 70, 1931 og áfengislögum nr. 33, 1935.

Kærður hefir áður sætt hér í lögsagnarumdæminu eftirtöldum refsingum:

1932 10. maí. Sætt 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

1932 24. maí. Kærður fyrir að aka bíl á reiðhjól. Hlut-aðeigandi váttryggingarfélag greiddi skaðabætur.

1932 20. sept. Kærður fyrir árekstur reiðhjóls og bifreiðar. Lokið án málssóknar.

1934 22. des. Sætt 10 kr. sekt fyrir brot gegn umferðar-reglum.

1935 26. júní. Aðvörun fyrir samskonar brot.

1936 19. marz. Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 100 kr. sekt og sviptur leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðarakstur.

Málavextir eru þeir, að hinn 4. þ. m. að morgni dags voru lögregluþjónarnir Magnús Sigurðsson og Lárus Salomonsson kvaddir að Hrannarstig 3, þar sem drukknir menn væru að knýja á dyr. Þegar þeir koma þangað, var bifreiðin R.E. 765 komin þar, og sat kærður í framsæti hennar undir stýri, en annar maður, Bjarni Ágústsson, var kominn inn í útforstofu hússins. Meðan þeir tóku Bjarna hafði kærður flutt sig til í bifreiðinni og í hliðarsætið við stýrið. Báðir voru þeir kærður og Bjarni ölvaðir, og lét

lögreglan þegar taka blóð úr kærðum, er reyndist við rannsókn læknis innihalda áfengismagn „meira en 3%.“

Framburður Bjarna í málinu er sá, að hann hafi kvöldið áður á bifreið sinni hitt kærðan. Skömmu síðar hittu þeir tvær stúlkur í Austurstræti og buðu þeim í ökutúr með sér og óku upp að Kolviðarhóli. Á leiðinni var tekið upp áfengi og neyttu þau þess öll, nema vitnið, sem stýrði bifreiðinni. Þegar haldið var heimleiðis, tók kærður við stjórn bifreiðarinnar og ók nú í bæinn aftur, fyrst með stúlkurnar heim til þeirra, síðan heim til vitnisins og loks á Hrannarstíg 4, og höfðu þeir dvalið þar nokkra stund, þegar lögreglan kom, og höfðu m. a. tekið þar upp brennivinsflösku og drukkið nokkuð úr henni áður en lögreglan kom á vettvang. Sjálft kveðst vitnið ekki hafa farið að neyta áfengis fyrr en á heimleiðinni eftir að það sleppti stjórn bifreiðarinnar við kærðan.

Stúlkur þær, er voru með í ferðinni að Kolviðarhóli, hafa báðar verið leiddar sem vitni í málinu og hafa báðar borið það, að kærður hafi neytt áfengis á leiðinni upp að Kolviðarhóli, en Bjarni ekki fyrr en á heimleiðinni eftir að kærður var settur undir stýri.

Kærður sjálfur þrætti í fyrstu fyrir að hafa ekið bifreiðinni, en hefir síðan ekkert tjáð sig muna eftir nóttinni sakir ölvunar.

Samkvæmt framangreindum vitnisburðum verður að telja kærðan sekan við 5.gr. 3. mgr. laga um notkun bifreiða nr. 70, 1931 og 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33, 1935. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin 200 króna sekt til rikissjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 12 daga. Svo ber og að svipta kærðan æfilangt rétti til að stýra bifreið. Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Málið hefir verið rekið víðalega.